

# Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.

## Ársreikningur 2022

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

kt. 471119-0910

# Efnisyfirlit

---


	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Eiginfjárfirlit .....	10
Sjóðstreymisyfirlit .....	11
Skýringar .....	12

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. (áður: Carbfix ohf.) er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR), en félagið er í 99,9% eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. sem eru alfarið í eigu OR, og Háskóla Íslands, sem á 0,1% í félaginu.

Carbfix tæknin spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi. Nýtt félag, Carbfix hf. var stofnað á árinu 2022 og er dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. Rekstur og framtíðaruppbygging á starfsemi Carbfix verður í Carbfix hf. og í ársbyrjun 2023 verður rekstur og rekstrartengdar eignir og skuldbindingar fluttar frá Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. til Carbfix hf. Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. (áður: Carbfix ohf.) er að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni.

Yfirlitsmyndin að neðan virðisdeðu Carbfíx sem felur í sér varanlega förgun CO<sub>2</sub> sem fangað er staðbundið úr útblæstri orku- og iðjuvera eða flutt um lengri veg auk förgunar CO<sub>2</sub> sem fangað er beint úr andrúmslofti. Þar fyrir neðan er greint frá helstu viðskiptaferlum í virðisdeðjunni og loks eru tilteknir helstu hagsmunaaðilar að hverjum hlekk keðjunnar.



Virðisdeða	AUÐLIND	NÝFRAMKVÆMDIR	VINNSLA OG MIÐLUN	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA	AUÐLIND
	<ul style="list-style-type: none"> <li>–Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær</li> <li>–Vöktun og stýring nýtingar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>–Hönnun og öflun leyfa</li> <li>–Kaup á efni, búnaði og þjónustu verktaka</li> <li>–Eftirlit og prófanir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>–Móttaka nýsmíði í rekstur</li> <li>–Stýring og vöktun vinnslu</li> <li>–Eftirlit, viðhald og endurnýjun</li> <li>–Kaup á efni, búnaði og þjónustu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>–Öflun og skráning viðskiptavina</li> <li>–Tenging viðskiptavina</li> <li>–Útgáfa reikninga</li> <li>–Viðbrögð við bilunum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>–Vöktun viðtaka</li> </ul>
Hagsmunaaðilar	<p><b>Opinberir aðilar</b> Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit.</p> <p><b>Almenningur</b> Umsagnir um leyfi, kæruréttur</p> <p><b>Eigendur OR</b> Staðfesting áforma á nýjum svæðum</p>	<p><b>Opinberir aðilar</b> Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit.</p> <p><b>Verktalar og vörubirgjar</b> Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun</p> <p><b>Almenningur</b> Umsagnir og kæruréttur</p> <p><b>Eigendur OR</b> Staðfesting áforma á nýjum svæðum</p>	<p><b>Opinberir aðilar</b> Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu</p> <p><b>Almenningur</b> Ábendingar, upplýsingar</p> <p><b>Viðskiptavinir</b> Upplýsingar um þjónustubrest</p> <p><b>Verktakar og vörubirgjar</b> Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun</p>	<p><b>Viðskiptavinir</b> Greiðsla reikninga</p> <p><b>Opinberir aðilar</b> Vöktun á afhendingaröryggi, notkunarmælingum og verði</p>	<p><b>Opinberir aðilar</b> Vöktun umhverfisáhrifa</p> <p><b>Almenningur</b> Ábendingar, upplýsingar</p>
<p><b>Starfsfólk, samtök og félög</b> fólks og fyrirtækja og <b>eftirlitsaðilar</b> með starfsaðstæðum á vinnumarkaði eiga hagsmuni að allri virðisdeðjunni.</p>					

Nánar er fjallað um virðisdeðu OR samstæðunnar í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi OR. Þar er einnig fjallað um ófjárhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnhætti í samstæðunni. Enn ítarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2022. Hún er rafræn á slóðinni [arsskyrsla2022.or.is](https://arsskyrsla2022.or.is) og þar er einnig að finna skýrsluna á pdf-sniði.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

## Fjárhagslegar niðurstöður 2022

Tap af rekstri Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. á árinu 2022 nam 159,1 milljónum kr. (2021: hagnaður 59,5 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 1.751,7 milljónum króna (31.12.2021: 551,9 milljónir kr.). Eigið fé nam 916,3 milljónum kr. í árslok (31.12.2021: 425,1 milljónir kr.) og var eiginfjárhlutfall félagsins 52,3% (31.12.2021: 77,0%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2022 er 18,1 (2021: 7,8 ársverk).

Félagið mun ekki greiða arð til eigenda á árinu 2023 vegna rekstrar ársins 2022 Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

## Stjórn og stjórnhættir

Stjórnhættir OR og dótturfélaga eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gagnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga gilda lög nr. 136/2013. Á árinu 2014 endurnýjuðu eigendur fyrirtækisins sameignarsamning um starfsemina. Þá var einnig endurskoðuð eigendastefna. Í þeim er kveðið á um stjórnhætti. Við gerð þessara skjala, samþykka fyrir dótturfélög OR og starfsreglur fyrir allar stjórnir, var tekið mið af þeim leiðbeiningum um stjórnhætti, sem Viðskiptaráð vann í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq.

Siðareglur OR og dótturfélaga byggja á heiðarleika, sem er eitt af gildum Orkuveitu Reykjavíkur. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavini, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Siðareglurnar eru ekki tæmandi og leysa þau sem þær ná til ekki undan þeirri ábyrgð að reiða sig á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál koma upp.

Í samræmi við stjórnhætti í samstæðu OR eru fimm fulltrúar í stjórn Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. Þrír eru úr starfslíði OR, þar af a.m.k. einn úr hópi stjórnenda. Tvö sæti í stjórn eru fyllt utanaðkomandi sérfræðingum á starfssviði félagsins.

Í stjórn Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. í árslok 2022 voru:

- Elín Smáradóttir, yfirlögfræðingur OR, formaður.
- Daði Már Kristófersson, prófessor við Háskóla Íslands.
- Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.
- Gréta María Grétarsdóttir, forstjóri Arctic Adventures.
- Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar OR.

Framkvæmdastýra er Dr. Edda Sif Pind Aradóttir, efnaverkfræðingur.

Starfsreglur stjórnar Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. eru aðgengilegar á vef félagsins og nánar er fjallað um stjórnhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættuskýringu nr. 26-31 í ársreikningi samstæðu OR 2022.

## Árangur og óvissuþættir 2022

Á árinu 2022 hlaut Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. styrk sem nemur um 16 milljörðum íslenskra króna úr Nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins til uppbyggingar á Coda Terminal, móttöku- og förgunarmiðstöð fyrir CO<sub>2</sub>, í Straumsvík. Styrkurinn kemur til greiðslu í hlutum eftir framgangi verkefnisins. Veruleg utanaðkomandi fjármögnun er nauðsynlegt ef félagið ætlar að ná þeim áföngum sem tilgreindir eru í styrknum og þar með tryggja greiðslur á styrkfjárhæðinni til félagsins. Stöðin verður sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Áætlað er að starfsemi hefjist þar um mitt ár 2026 og nái fullum afköstum árið 2031, og mun þá allt að þremur milljónum tonna af CO<sub>2</sub> verða fargað á ári hverju. Það nemur um 65% af heildarlosun Íslands árið 2019 (án landnotkunar og millilandasamgangna).

Styrkurinn sem Carbfix hlýtur er sá stærsti sem íslenskt fyrirtæki hefur fengið úr sjóðum ESB. Er hann veittur úr Nýsköpunarsjóði ESB sem er einn stærsti styrktaraðili grænna nýsköpunarverkefna og fellur undir stjórn Loftslags- og umhverfisstofnunar ESB (CINEA). Coda Terminal er ætlað að taka á móti koldíoxíði og farga því með Carbfix tækninni. Hún felst í að blanda það vatni og dæla því niður í basaltjarðlög, þar sem það umbreytist varanlega í stein með náttúrulegum ferlum. Koldíoxíðið verður annars vegar fangað frá iðnaði í Norður-Evrópu og flutt hingað til lands með sérhönnuðum skipum, og hins vegar frá álveri Rio Tinto í Straumsvík. Stefnt er að því að niðurdæling í tilraunaskyni hefjist 2023.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

---

## Árangur og óvissupættir 2022, frh.:

Carbfix vann á árinu, ásamt samstarfsaðilum sínum, tvönn Milestone verðlaun í milliumferð XPRIZE Carbon Removal verðlaunanna, sem Elon Musk og Musk Foundation standa að. Vinningsumsóknirnar tvær sem Carbfix stendur að voru unnar í samstarfi við fyrirtæki sem hafa þróað nýstárlega tækni til að fanga CO<sub>2</sub> úr andrúmslofti, annars vegar Heirloom og hins vegar Verdox. Þáttur Carbfix felst í að nýta tækni fyrirtækisins, sem góð reynsla er komin á, til að farga CO<sub>2</sub> með öruggum og varanlegum hætti með steinrenningu neðanjarðar.

Bandaríska orkumálaráðuneytið hefur ákveðið að veita 2,2 milljónum dala í nýsköpunarverkefni með það að markmiði að þróa áfram aðferðir til kolefnisförgunar með því að steinrenna koldíoxíð í bergi í Tamarack í Minnesota-fylki í Bandaríkjunum. Carbfix verður þar aðili að verkefnahópi sem samanstendur af fremstu sérfræðingum heims í rannsóknum tengdum niðurdælingu og steinrenningu CO<sub>2</sub>. Verkefnið er leitt af Rio Tinto.

Nýtt lofthreinsiver Climeworks á Hellisheiði, í samstarfi við Carbfix og Orku náttúrunnar, mun tífalda núverandi afköst föngunar og förgunar á koldíoxíði (CO<sub>2</sub>) úr andrúmslofti á svæðinu. Fyrir er Orca, lofthreinsiver Climeworks, sem tók til starfa síðastliðið haust og var hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Með nýja lofthreinsiverinu, sem kallast Mammoth, fara afköst föngunar á Hellisheiði úr fjórum þúsundum tonna af CO<sub>2</sub> á ári í alls 40 þúsund tonn en því er síðan fargað neðanjarðar með Carbfix tækninni, þar sem það hvarfast við berggrunninn og myndar steindir. Framkvæmdir við Mammoth eru hafnar og gert er ráð fyrir að þær standi í 18-24 mánuði.

Fjárhagsspá OR samstæðunnar fyrir árin 2023-2027 var samþykkt af stjórn OR síðla árs 2022. Fjárhagsspáin ber með sér að nýr kafli er hafinn í uppbyggingu Carbfix. Frekari þróun og prófun Carbfix aðferðarinnar verður haldið áfram en nú bætast við umfangsmikil fjárfestingarverkefni til förgunar, rekstur förgunarstöðva og sala ráðgjafar. Áætlað er að á því tímabili muni Carbfix verji tugum milljarða króna í baráttuna við loftslagsvána, m.a. með uppbyggingu förgunarstöðva fyrir koldíoxíð og í frekari rannsóknir til að þróa Carbfix-aðferðina sem breytir gróðurhúsalofttegundinni varanlega í stein. Umfangsmest eru áformin við Straumsvík, þar sem Coda Terminal förgunarstöðin verður byggð.

Á árinu var félagið Carbfix hf. stofnað og verður rekstur Carbfix byggður upp í því félagi en hugverkaréttindi og vörumerki verða áfram í eigu Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. Félagið er í 99,9% eigu Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. en undirbúningur sölu nýs hlutafjár í félaginu stendur yfir. Fjármögnunin mun gera félaginu kleift að halda áfram að þróa Carbfix tæknina, sækja á erlenda markaði, halda áfram þróun og uppbyggingu Coda Terminal og þróa ný verkefni. Ráðgert er að ljúka fjármögnunarferlinu á árinu 2023. Um er að ræða óvissupátt í starfseminni en stjórnendur eru vongóðir um góðan árangur þar sem áhugi fjárfesta á félaginu virðist mikill.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastýru Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastýru Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastýra Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

Reykjavík, 2. mars 2023

Í stjórn félagsins:

*Elín Smáradóttir*  
*Daði Már Kristófersson*  
*Erling Freyr Guðmundsson*  
*Gréta María Grétarsdóttir*  
*Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir*

Framkvæmdastýra:

*Edda Sif Pind Aradóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til eiganda og stjórnar Eignarhaldsfélagsins CarbFix ohf.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

## Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til a- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirliti sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn Eignarhaldsfélagsins CarbFix ohf. og endurskoðunarnefnd samstæðunnar, sem Eignarhaldsfélagið CarbFix ohf. tilheyrir, meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Eignarhaldsfélaginu CarbFix ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 27. apríl 2022. Ársreikningur ársins 2022 er annar endurskoðaði ársreikningur félagsins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, 2. mars 2023

---

Davíð Arnar Einarsson, löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Þróun nýrra svæða og verkefna .....		238.557	196.282
Móttæknir styrkir og verðlaunafé .....		181.667	27.566
Þjónustusamningar .....		47.838	73.048
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	3	<u>468.061</u>	<u>296.896</u>
Laun og launatengd gjöld .....	4	( 280.908)	( 130.881)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 391.168)	( 87.648)
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b> .....		<u>( 672.076)</u>	<u>( 218.529)</u>
<b>Rekstrar(tap) -hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b> .....		<u>( 204.015)</u>	<u>78.367</u>
Afskriftir .....	7	( 26.196)	( 7.437)
<b>Rekstrar(tap) -hagnaður (EBIT)</b> .....		<u>( 230.211)</u>	<u>70.930</u>
Vaxtatekjur .....		10.051	168
Vaxtagjöld .....		( 85)	( 3.104)
Gengismunur .....		8.898	210
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....		<u>18.864</u>	<u>( 2.726)</u>
Áhrif dótturfélaga .....		( 778)	0
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		<u>( 212.125)</u>	<u>68.204</u>
Tekjuskattur .....	6	53.048	( 8.665)
<b>(Tap) hagnaður ársins</b> .....		<u><u>( 159.076)</u></u>	<u><u>59.538</u></u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	0	156.773
Óefnislegar eignir .....	8	80.959	184.841
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	9	3.717	0
Tekjuskattseign .....	10	44.087	0
Fastafjármunir samtals		<u>128.763</u>	<u>341.614</u>
Viðskiptakröfur .....	12	54.530	54.106
Skammtímaskröfur á tengda aðila .....	15	106.087	20.207
Aðrar skammtímaskröfur .....	12	109.615	11.950
Lausafé í ávöxtun .....	13	0	102.767
Handbært fé .....	13	34.716	21.220
Eignir til sölu .....	16	1.317.953	0
Veltufjármunir samtals		<u>1.622.901</u>	<u>210.250</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>1.751.664</u></u>	<u><u>551.864</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.014.000	364.000
Bundið eigið fé vegna þróunarkostnaðar .....		111.277	123.873
Þýðingarmunur .....		341	0
Lögbundinn varasjóður .....		180	180
Ójafnað eigið fé .....		( 209.454)	( 62.974)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>916.344</u>	<u>425.079</u>
<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	10	0	8.962
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>0</u>	<u>8.962</u>
Viðskiptaskuldir .....		293.345	39.875
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	6	0	6.264
Skammtímaskuldir við tengd félög .....	15	97.428	9.713
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	14	0	12.547
Aðrar skammtímaskuldir .....		35.585	49.423
Skuldir vegna eigna til sölu .....	16	408.963	0
Skammtímaskuldir samtals		<u>835.320</u>	<u>117.823</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>835.320</u>	<u>126.784</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>1.751.664</u></u>	<u><u>551.864</u></u>

# Eiginfjáryfirlit 2022

Árið 2022	Hlutfé	Bundið eigið fé v. þróunar	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2022 .....	364.000	123.873	180	0	( 62.974)	425.079
Þýðingarmunur .....				341		341
Fært á bundið eigið fé .....		22.797			( 22.797)	0
Tekjuskattsáhrif af bundnu eigin fé .	(	4.559)			4.559	0
Innleyst bundið eigið fé .....	(	38.541)			38.541	0
Tekjuskattsáhrif af bundnu eigin fé .		7.708			( 7.708)	0
Innborgað nýtt hlutfé .....	650.000					650.000
Tap ársins .....					( 159.076)	( 159.076)
Eigið fé 31. desember 2022 .....	1.014.000	111.278	180	341	( 209.454)	916.344
<b>Árið 2021</b>						
Eigið fé 1. janúar 2021 .....	4.000	108.308	180	0	( 106.946)	5.541
Fært á bundið eigið fé .....		44.236			( 44.236)	0
Tekjuskattsáhrif af bundnu eigin fé .	(	22.721)			22.721	0
Innleyst bundið fé .....	(	6.657)			6.657	0
Tekjuskattsáhrif af bundnu fé .....		707			( 707)	0
Innborgað nýtt hlutfé .....	360.000					360.000
Hagnaður ársins .....					59.538	59.538
Eigið fé 31. desember 2021 .....	364.000	123.873	180	0	( 62.974)	425.079

# Sjóðstreymisýfirlit 2022

	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
(Tap) hagnaður ársins .....	( 159.076)	59.538
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 18.864)	2.726
Áhrif dótturfélaga .....	778	0
Tekjuskattur .....	6 ( 53.048)	8.665
Afskriftir .....	7 26.196	7.437
Veltufé (til) frá rekstri	( 204.015)	78.367
Verk í vinnslu, hækkun .....	11 ( 416.817)	0
Skammtímakröfur, hækkun .....	( 272.115)	( 29.964)
Skammtímaskuldir, hækkun .....	469.909	56.347
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta	( 423.038)	104.750
Innborgaðar vaxtatekjur .....	10.051	168
Greidd vaxtagjöld .....	( 85)	( 3.104)
Greiddir skattar .....	( 6.264)	0
Handbært fé (til) frá rekstri	( 419.336)	101.814
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 499.126)	( 128.969)
Fjárfesting í óefnislegum eignum / fengnir styrkir færði á fjárfestingu .....	9.296	( 24.198)
Fjárfest í dótturfélögum .....	( 7.560)	0
Lausafé í ávöxtun hjá tengdum félögum .....	13 102.767	( 102.767)
Staða við tengda aðila, breyting .....	175.611	( 158.743)
Fjárfestingarhreyfingar	( 219.012)	( 414.677)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Innborgað nýtt hlutfé .....	650.000	330.000
Fjármögnunarhreyfingar	650.000	330.000
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....	11.652	17.136
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	21.220	4.226
<b>Gengismunur af handbæru fé</b> .....	1.845	( 142)
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	34.716	21.220
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>		
Fjárfest í óefnislegum eignum .....	0	( 30.000)
Innborgað nýtt hlutfé .....	0	30.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	584	( 584)
Innborgað nýtt hlutfé .....	( 584)	584
<b>Aðrar upplýsingar</b>		
Veltufé (til) frá rekstri .....	( 186.994)	69.519
Veltufé til rekstrar greinist þannig:		
(Tap) hagnaður ársins .....	( 159.076)	59.538
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:		
Afskriftir .....	26.196	7.437
Gengismunur af handbæru fé .....	( 1.845)	142
Tekjuskattseign .....	( 53.047)	2.401
Áhrif dótturfélaga .....	778	0
Veltufé (til) frá rekstri	( 186.994)	69.519

# Skýringar

## 1. Félagið

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Fyrirtækið stuðlar að frekar þróun og útbreiðslu CarbFix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúslofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Höfuðstöðvar félagsins eru í Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er í 99,9% eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. og er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur, og Háskóla Íslands, sem á 0,1% í félaginu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 17.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Reikningsskil félagsins eru gerð í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 3. Tekjur

	2022	2021
Þróun nýrra svæða og verkefna .....	238.557	196.282
Þjónustusamningar .....	47.838	73.048
Opinberir styrkir íslenskir og erlendir .....	170.662	210.452
Aðrir styrkir .....	0	2.000
Verðlaunafé .....	44.982	0
Eignfærðir styrkir frá Evrópusambandinu .....	( 33.978)	( 184.886)
	<u>468.061</u>	<u>296.896</u>

### Þróun nýrra svæða og verkefna

Þróun nýrra svæða og verkefna eru tekjur félagsins frá viðskiptavinum vegna veittrar þjónustu vegna bindingar kolefnis.

### Opinberir styrkir

Til styrkja frá opinberum aðilum teljast styrkir frá ríki, sveitafélögum, alþjóðastofnunum og opinberum sjóðum. Þessir styrkir eru tekjufærðir eftir því sem kostnaður vegna þeirra fellur til. Sé kostnaður eignfærður í þeim verkefnum sem styrkt voru er styrkurinn færður til lækkunar eignfærslu.

### Aðrir styrkir

Aðrir styrkir eru styrkir veittir af einkaaðilum án þess að veitt sé sérstök þjónusta vegna þeirra. Þessir styrkir eru tekjufærðir við móttöku þeirra.

# Skýringar

## 4. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun .....	296.385	133.648
Mótframlag í líffeyrissjóð .....	36.238	16.485
Önnur launatengd gjöld .....	28.485	11.124
	<u>361.108</u>	<u>161.257</u>

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í rekstrareikninginn:

Laun og launatengd gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi .....	280.908	130.881
Eignfært á framkvæmdir .....	80.199	30.376
	<u>361.108</u>	<u>161.257</u>

Fjöldi ársverka .....	18,1	7,8
-----------------------	------	-----

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu 2022 námu 38.674 þúsund kr. (árið 2021: 30.503 þúsund kr.).

## 5. Þóknun greidd til endurskoðanda

	2022	2021
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar ársuppgjöra .....	2.510	1.161
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda .....	2.438	3.824
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda .....	<u>4.948</u>	<u>4.985</u>

## 6. Tekjuskattur

	2022	2021
<b>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</b>		
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	6.264
Breyting á frestuðum tekjuskatti .....	( 53.048)	2.401
Gjaldfærður tekjuskattur .....	<u>( 53.048)</u>	<u>8.665</u>

	2022	2021
<b>Virkt skatthlutfall greinist þannig:</b>		
(Tap) hagnaður ársins fyrir tekjuskatt .....	<u>( 212.125)</u>	<u>68.204</u>

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20,0% ( 42.425)	20,0%	13.641
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga .....	-0,1% 156		
Óskattskyldar tekjur .....	5,1% ( 10.783)	( 7,3%) (	4.989)
Aðrir liðir .....	0,2% 4	0,0%	14
Virkur tekjuskattur .....	<u>25,2% ( 53.048)</u>	<u>24,8%</u>	<u>8.665</u>

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Framleiðslukerfi</b>		
<b>Heildarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	156.773	29.915
Viðbætur á árinu .....	515.402	126.858
Fenginn styrkur .....	( 16.860)	0
Endurflokkað sem eignir til sölu .....	( 655.315)	0
Staða í árslok .....	0	156.773
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	0	0
Afskrifað á árinu .....	19.748	0
Endurflokkað sem eignir til sölu .....	( 19.748)	0
Staða í lok árs .....	0	0
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	156.773	29.915
Bókfært verð í árslok .....	0	156.773

## 8. Óefnislegar eignir

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Þróunarkostnaður</b>		
<b>Heildarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	192.278	135.385
Viðbætur á árinu .....	22.797	241.780
Fenginn styrkur .....	( 17.118)	( 184.886)
Endurflokkað sem eignir til sölu .....	( 88.138)	0
Selt á árinu .....	( 14.975)	0
Staða í árslok .....	94.844	192.278
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	7.437	0
Afskrifað á árinu .....	6.448	7.437
Staða í lok árs .....	13.885	7.437
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	184.841	135.385
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	80.959	184.841

# Skýringar

## 9. Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfyrirtæki	31.12.2022		31.12.2021	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Coda Terminal hf. ....	90,0%	3.405	0,0%	0
Carbfix hf. ....	99,0%	3.717	0,0%	0
Endurflokkað sem eignir til sölu .....		( 3.405)		0
		<u>3.717</u>		<u>0</u>

## 10. Tekjuskattseign

	31.12.2022	31.12.2021
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	8.962	454
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 53.048)	8.665
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	( 6.264)
Samsköttun fyrra árs .....	0	6.107
(Tekjuskattseign) -skuldbinding í árslok .....	<u>( 44.087)</u>	<u>8.962</u>

Tekjuskattseign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 764)	0
Óefnislegar eignir .....	8.798	8.953
Frestaður gengismunur .....	1.200	9
Yfirfæranlegt tap .....	( 53.321)	0
	<u>( 44.087)</u>	<u>8.962</u>

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndaðist fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í lok ársins er nýtanlegt sem hér segir:

	31.12.2022	31.12.2021
Ójafnað skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársins 2032 .....	266.605	0
	<u>266.605</u>	<u>0</u>

# Skýringar

## 11. Verk í vinnslu

Verk í vinnslu greinast þannig í árslok

	<b>31.12.2022</b>
Verk í vinnslu í ársbyrjun .....	0
Aukning verka í vinnslu á árinu .....	416.817
Endurflokkað sem eignir til sölu .....	( 416.817)
	<u>0</u>

## 12. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Viðskiptakröfur .....	54.530	54.106
	<u>54.530</u>	<u>54.106</u>

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í lok ársins:

Krafa á Evrópusambandið vegna styrktarloforða .....	173.777	0
Fjármagnstekjuskattur .....	121	37
Inneign virðisaukaskatts .....	109.495	11.889
Aðrar kröfur .....	249	25
Endurflokkað sem eignir til sölu .....	( 174.026)	0
	<u>109.615</u>	<u>11.950</u>

## 13. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Engin staða var við móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok ársins 2022 (31.12.2021: 102,8 milljónir kr.).

## 14. Fyrirfram innheimtar tekjur

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Fyrirfram innheimtir styrkir frá Evrópusambandinu .....	110.108	12.547
Fyrirfram innheimtar tekjur af þjónustusamningum .....	72.278	0
Endurflokkað sem eignir til sölu .....	( 182.387)	0
	<u>0</u>	<u>12.547</u>



# Skýringar

## 15. Viðskipti við tengda aðila

### Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2022	2021
Kaup af stofnunum og félögum undir stjórn Reykjavíkurborgar.....	1.168	4.671
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	383.590	87.748
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	( 230.916)	( 181.776)
	<u>153.842</u>	<u>( 89.357)</u>
Vaxtatekjur vegna kröfu á móðurfyrirtæki.....	9.848	0
Vaxtagjöld vegna skulda við móðurfyrirtæki.....	( 46)	( 2.894)
	<u>9.802</u>	<u>( 2.894)</u>
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Kröfur á tengd félög</b>		
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	0	102.772
Krafa á systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	0	1.803
Krafa á systurfélag, ON Power ohf.....	99.673	12.240
Krafa á eignarhaldsfélag, OR Eignir ohf.....	6.157	6.158
Krafa á dótturfélag, Carbfix hf.....	257	0
	<u>106.087</u>	<u>122.974</u>
<b>Skuldir við tengd félög</b>		
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	96.738	9.111
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	15	0
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	675	603
Skuld við systurfélag, ON Power ohf.....	173.777	0
Skuld við systurfélag, ON Power ohf. Endurfl. sem skuld vegna eigna til sölu.....	( 173.777)	0
	<u>97.428</u>	<u>9.713</u>

Upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 4.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

# Skýringar

## 16. Eignir til sölu

Félagið Carbfix hf. var stofnað á árinu 2022 og er dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. (99,9%) og OR eigna (0,1%). Í ársbyrjun 2023 verður rekstur og rekstrartengdar eignir og skuldbindingar fluttar frá Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. til Carbfix hf. Rekstur og framtíðaruppbygging á starfsemi Carbfix verður í Carbfix hf. og tilgangur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. eftir áramótin verður að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni.

	<b>31.12.2022</b>
Eignir til sölu greinast þannig:	
Varanlegir rekstarfjármunir, sjá skýringu 7.....	635.567
Óefnislegar eignir, sjá skýringu 8.....	88.138
Eignarhlutir í dótturfélögum, sjá skýringu 9.....	3.405
Verk í vinnslu, sjá skýringu 11.....	416.817
Aðrar skammtímaskuldir, sjá skýringu 12.....	174.026
	<u>1.317.953</u>
Skuldir vegna eigna til sölu greinast þannig:	
Skammtímaskuldir við tengd félög, sjá skýringu 15.....	173.777
Fyrirframinnheimtar tekjur, sjá skýringu 14.....	182.387
Aðrar skammtímaskuldir.....	52.799
	<u>408.963</u>

# Skýringar

## 17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsteggi og miðar félagið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

### b. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem fyrirtækið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

#### ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna frá þeim tíma sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi ..... 8-12 ár

### d. Óefnislegar eignir

#### i) Færsla og mat

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er þróunarkostnaður. Þróunarkostnaður er færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

#### ii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Þróunarkostnaður ..... 10 ár

# Skýringar

---

## 17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### e. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstæði, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2022.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstæði.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

### f. Eignir til sölu

Félagið flokkar eignir sem eignir til sölu ef bókfært virði þeirra verður endurheimt aðallega með sölu fremur en með áframhaldandi nýtingu. Til að þetta eigi við þarf eignin að vera tiltæk til sölu þegar í stað í núverandi ástandi, einungis með skilyrði um hefðbundin viðskiptakjör sem gilda um slíkar eignir eða eignasamstæður og salan þarf að vera talin mjög líkleg.

Áður en eign er flokkuð til sölu þá er mat á viðkomandi eign uppfært í samræmi við viðeigandi alþjóðlegan reikningsskilastaðal. Því næst eru fastafjármunir til sölu færðir á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem er til staðar við upphaflega flokkun sem eignir til sölu er færð í rekstrarreikning, jafnvel þó um virðishækkun sé að ræða. Sama á við um hagnað eða tap við síðari virðisbreytingu. Virðishækkun með bakfærslu virðisrýrnunar á síðari tímabilum er takmörkuð þannig að bókfært verð eignar fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað ef engin virðisrýrnun hefði verið færð á fyrri árum.